

Umsögn

um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá meiri hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar frá 7. apríl sl. fjallað um málið. Í áætluninni er byggt á því að stjórnvöld fylgi fjármálaáætlun um opinber fjármál fyrir árin 2018–2022, sem byggð er á fyrirbyggjandi fjármálastefnu fyrir árin 2017–2022 og skilyrðum hennar. Í áætluninni eru sett markmið fyrir öll málefnasvið og með því er ætlunin að skapa sem skýrast samhengi milli faglegra markmiða og þeirra fjármuna sem varið er til einstakra málefnasviða.

Fjárlaganefnd óskaði eftir að nefndin fjallaði um málefnasvið 04 Utanríkismál.

Við umfjöllun málsins fékk nefndin á sinn fund Guðlaug Þór Þórðarson utanríkisráðherra ásamt Stefáni Hauki Jóhannessyni, Unni Orradóttur Ramette, Jörundi Valtýssyni, Davíð Bjarnasyni, Sigurlilju Albertsdóttur og Haraldi Aspelund frá utanríkisráðuneyti og Valgerði Sverrisdóttir, formann þróunarsamvinnunefndar, og Hildigunni Engilbertsdóttur, starfsmann þróunarsamvinnunefndar.

Á fundum nefndarinnar var fjallað um málefnasvið utanríkismála. Málefnasviðið skiptist í fimm málaflokka: Utanríkisþjónusta og stjórnsýslu utanríkismála, utanríkisviðskipti, samstarf um öryggis- og varnarmál, þróunarsamvinnu og samningsbundin framlög vegna fjölþjóðastarfs.

Meiri hluti utanríkismálanefndar telur að hafa verði í huga hvað varðar þróunarmál að þótt aukning á framlagi Íslands til þróunaraðstodar hafi ekki verið í samræmi við fyrri áætlanir um hlutfall af landsframleiðslu hafi framlög Íslands aukist verulega að raunvirði síðastliðin ár. Meiri hluti nefndarinnar telur aftur á móti mikilvægt að stefnt sé markvisst áfram að því markmiði Sameinuðu þjóðanna að veita sem nemur 0,7% af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu.

Þegar kemur að Evrópumálum telur meiri hluti nefndarinnar að stuðla þurfi að virkari þátttöku Íslands í mótun löggjafar Evrópusambandsins á vinnslustigi. Mikilvægt sé að forgangsroðun verkefna sé skýr og lítur meiri hluti nefndarinnar í því samhengi sérstaklega til árlegs lista ríkisstjórnar Íslands yfir forgangsmál fyrir hagsmunagæslu Íslands í EES-samstarfinu. Þar gegnir sendiráð Íslands í Brussel lykilllutverki og er nauðsynlegt að tryggja nægan mannafla til þeirra verka.

Meiri hluti nefndarinnar leggur áherslu á að hugað verði að hagsmunum Íslands í kjölfar úrsagnar Bretlands úr Evrópusambandinu. Fyrirséð er að álag á sendiráð Íslands í London komi til með að aukast verulega og þarf að tryggja að í sendiráðinu sé næg sérþekking og mannaflí. Þá ítrekar meiri hluti nefndarinnar mikilvægi þess að þingmenn og almenningur allur fái aðgang að EES-gagnagrunni sem settur hefur verið á laggirnar og þeir starfsmenn ráðuneyta og undirstofnana sem vinna að EES-málum hafa þegar aðgang að.

Meiri hluti utanríkismálanefndar beinir því til fjárlaganefndar að taka til skoðunar ofangreind atriði við vinnslu fjármálaáætlunar fyrir árin 2018–2022.

Alþingi, 4 maí 2017

Jóna Sólveig Elínardóttir form.
Birgir Ármannsson.
Bryndís Haraldsdóttir.
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.
Teitur Björn Einarsson.
Vilhjálmur Bjarnason.